

## Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra Fundargerð

**1. fundur** Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn föstudaginn 8. janúar 2016, kl. 13:00, að Einbúastig 2 á Skagaströnd.

**Mætt til fundar:** Stefán Vagn Stefánsson, formaður, Jóhanna Magnúsdóttir, Lárus Ægir Guðmundsson og Leó Örn Þorleifsson. Ingileif Oddsdóttir boðaði forföll.

**Einnig** sátu fundinn Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, Ingibergur Guðmundsson, starfsmaður SSNV og Sólveig Olga Sigurðardóttir, starfsmaður SSNV, sem ritar fundargerð.

**Formaður** nefndarinnar stýrði fundi:

### Dagskrá:

#### 1. Starfsreglur Úthlutunarnefndar

Á 23. ársþingi SSNV, 16. okt. 2015, voru samþykktar starfsreglur fyrir Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.

Afgreiðsla: Farið yfir starfsreglurnar og þær ræddar.

#### 2. Verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2016

Fyrir fundinum lágu tillögur að breytingum á verklags- og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs sem verið höfðu í gildi árið 2015.

Afgreiðsla: Farið var yfir tillögurnar og samþykkt að senda endurskoðaðar reglur fyrir árið 2016 til stjórnar SSNV til samþykktar. Umsóknarfrestur um styrki úr sjóðnum er til 15. febrúar nk.

#### 3. Eyðublöð og auglýsing

Lögð fram eftirfarandi eyðublöð sem gilda fyrir árið 2016:

- Umsóknareyðublað um styrki
- Samningur um styrk og fylgiskjal með samningi
- Lokaskýrsla fyrir styrki lægri en ein milljón kr.
- Framvindu- og lokaskýrsla fyrir styrki sem eru hærri en ein milljón kr.
- Drög að auglýsingu þar sem auglýst er eftir styrkumsónum

Afgreiðsla: Ofangreind gögn voru til kynningar

#### 4. Vinnuferli umsóknar- og úthlutunarferils

Afgreiðsla: Rætt um tilhögun vinnuferilsins framundan. Stefnt að ákvörðun um úthlutun styrkja seinni hluta marsmánaðar.

#### 5. Önnur mál

- Fundir úthlutunarnefndar verða sem hér segir:

22. febrúar kl. 13 á Skagaströnd

10. mars kl. 13 á Skagaströnd

14. mars kl. 13 á Skagtaströnd

Fundir fagráða verða sem hér segir:

25. febrúar kl. 13 á Skagaströnd

3. mars kl. 13 á Skagaströnd

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14.15

